

**Félagsfundur Leiðsagnar - félags leiðsögumanna haldinn í húsnæði VR Þjóðgarði 11. mars 2025 kl. 19:30. Fundurinn er bæði stað- og fjarfundur .**

**Dagskrá fundar:**

Sameining Leiðsagnar við VR.

Kosning um að bindandi allsherjaratkvæðagreiðsla færi fram á meðal félagsmanna um sameininguna.

Fundarstjóri: Arna Björk Gunnarsdóttir. Fundarritari: Hildur Þöll Ágústsdóttir

Formaður, Halldór Kolbeins, setti fundinn kl. 19:54. Hann bað þau sem voru á fjarfundi að gefa merki um að þau heyrðu í honum og baðst afsökunar á seinkun sem orðið hefði á að fundurinn hæfist sem væri vegna þess að þurft hefði að fara yfir kjörskrá fyrir fundinn.

Hann nefndi að eins og komið hefði fram í fundarboði væri fundarefnið að fara yfir samninginn milli Leiðsagnar og VR um að Leiðsögn sameinaðist VR. Síðan að bera upp tillögu til samþykktar á fundinum um að um sameininguna færi fram bindandi allsherjaratkvæðagreiðsla.

En fyrst væri hann með tillögu um fundarstjóra og nefndi þar Örnú Gunnarsdóttur og óskaði eftir að fundurinn samþykkti fundarstjóran.

Úr sal komu athugasemdir frá nokkrum fundarkonum sem sögðust ekki vita hver tilnefndur fundarstjóri væri og formaður gaf því Örnú orðið svo hún gæti gert grein fyrir sjálfri sér.

Arna nefndi að hún væri hvorki tengd Leiðsögn né VR en væri mjög vanur fundarstjóri og hefði verið beðin um að stýra þessum fundi samkvæmt dagskrá hans.

Ein kvennanna óskaði eftir að fá að taka til máls. Hún kynnti sig sem Jónu Fanney, f.v. formann Leiðsagnar og nefndi að hún hefði ekki fengið að vera formaður lengur en í 9 mánuði þar sem hún hefði verið flæmd burt. Sér fyndist mikill flýtir á málinu. Hún hefði ekki séð fundargerðir stjórnar á vef Leiðsagnar og vissi því ekkert hvað stjórnin hefði verið að gera varðandi sameiningarmálin. Sér fyndist það bera vott um ógagnsæi. Hún óskaði eftir að fá að vita nákvæmlega hvenær stjórn hefði tekið ákvörðun um að halda þennan félagsfund 13. mars.

Lovísa Birgisdóttir spurði Örnú hvort að hún væri í eihverjum tengslum við formann Leiðsagnar eða einhvern í stjórn. Arna svaraði því neitandi en Lovísa vildi frekari upplýsingar um bakgrunn hennar. Arna upplýsti að hún hefði starfað mikið með Junior Chamber þar sem hún hefði m.a. öðlast mikla reynslu í að stýra fundum og mannlegum samskiptum. Lovísa spurði hvað Junior Chamber væri og upplýsti Arna hana þar um, sem og hversu gagnlegt það gæti verið að fá fundarstjóra sem væru óháðir þeim sem að fundunum stæðu.

Lovísa sagði að hún hefði viljað fá allar þessar upplýsingar þar sem að hennar mati hefðu verið óhæfir fundarstjórar á fundum Leiðsagnar.

Samþykkt var að Arna tæki við fundarstjórn og tilnefndi hún Hildi Þöll Ágústadóttur sem fundarritara.

Guðný Margrét Emilsdóttir tók þá til máls og greindi frá því að hún ætti sæti í stjórn Leiðsagnar og sagðist gera athugasemd við að Hildur Þöll væri fundarritari þar sem hún taldi hana ekki skila af sér fundargerðum.

Fundarstjóri varpaði þá fram þeirri spurningu hvort einhver væri í salnum sem vildi taka að sér fundarritun. Enginn gaf sig fram og fundarstjóri lagði til að klappað yrði fyrir Hildi Þöll sem fundarritara.

Hún fór þá yfir dagskrá fundarins sem hæfist á því að formaður kynnti nýjan samning Leiðsagnar og VR um sameininguna, ásamt endanlegum reglum um deild leiðsögufólks í VR. Síðan bæri hann upp tillögu til samþykktar að um sameininguna færi fram bindandi allsherjaratkvæðagreiðsla. Í lokin væri hægt að ræða önnur mál ef einhver væru.

Áður en Halldór hóf mál sitt kallaði Jóna Fanney úr sal að hún hefði óskað eftir því að fá að vita hvenær stjórn hefði ákveðið að þessi félagsfundur væri haldinn 11. mars.

Fundarstjóri bað Halldór að svara Jónu Fanneyju.

Hann greindi frá því að á fundi stjórnar og trúnaðarráðs 5. mars sl. hefðu fundarmenn ákveðið að þessi fundur og fundarefni yrði haldinn 11. mars.

Vegna hávaða og frammikalla frá þeim sem áður höfðu tekið til máls kom tillaga frá Hörpu Björnsdóttur, sem hún beindi til fundarstjóra, um að þeir réttu upp hönd sem óskuðu eftir að fá að tala.

Fundarstjóri tók þetta til greina og minnti jafnframt á að vegna þeirra sem væru á fjarfundinum væri mikilvægt að aðeins einn talaði í einu; mikill kliður gerði erfitt fyrir þau að heyra hvað færi fram á staðfundinum.

Guðný Margrét óskaði eftir að fá að taka til máls. Hún sagðist ekki hafa verið á fundi stjórnar og trúnaðarráðs 5. mars, sem var fjarfundur, vegna þess að sér hefði ekki tekist að tengjast fundinum. Hún taldi að í fundargerð þess fundar hefði ákvörðun um þennan félagsfund 11. mars og fundarefni ekki komið skýrt fram.

Formaður ítrekaði ákvörðun fundarmanna 5. mars og nefndi að ef fundarmenn félagsfundarins vildu ekki ræða fundarefnið þá gætu þeir einfaldlega komið með frávísunartillögu. Stjórn og trúnaðarráð hefði talið að langlýðræðislegasta leiðin til að félagsmenn gætu tekið ákvörðun um sameininguna væri að hafa um hana allsherjaratkvæðagreiðslu.

Úr sal tók félagskona til máls og óskaði eftir því að formaður fengi að halda áfram með dagskrána og sagðist sammála formanni um að þetta væri lýðræðislegasta leiðin fyrir félagsmenn.

Félagsmaður tók til máls úr sal og skoraði á þær sem höfðu verið að gagnrýna að félagsfundurinn yrði haldinn að koma með frávísunartillögu.

Áfram héldu framíköll og Harpa Björnsdóttir ítrekaði fyrri tillögu sína til fundarstjóra um fundarsköp og minnti á að vísa mætti þeim af fundi sem sífellt trufluðu.

Fundarstjóri ákvað að þar sem engin frávísunartillaga hefði komið fram myndi fundurinn

halda áfram: formaður fengi orðið á ný og þegar hann hefði lokið máli sínu væri opnað fyrir spurningar.

Formaður hóf mál sitt á því að segja að þegar að því kæmi myndi hann axla ábyrgð á því sem félagsmenn teldu aðfinnsluvert við starfshætti hans. Hann rifjaði síðan upp að umræða um að félag leiðsögumanna sameinaðist stærra stéttarfélagi hefði hafist fyrir löngu. Í salnum væri fyrrum formaður félagsins, Pétur Gauti, sem hefði hafið hana formlega og við hlið hans sæti annar formaður, Örvar Már, sem hefði haldið áfram með málið. Formlega hófst þetta með svohljóðandi tillögu sem lögð var fram á aðalfundi 4. apríl 2024: Aðalfundur Leiðsagnar 4. apríl 2024 mun veita nýkjörinni stjórn umboð til að leita eftir nánú samstarfi og eftir atvikum samruna við önnur stéttarfélög sem gæti hagsmuna starfsfólks í ferðapjónustu, félagsmenn verði upplýstir reglulega um framgang mála og miðað verði við að eigi síðar en fyrir aðalfund 2025 liggi fyrir áætlun um samstarf eða samruna við önnur félög innan ferðapjónustunnar.

Undir þetta skrifa Halldór Kolbeins og Þór Bínó Friðriksson og allir fundarmenn samþykktu nema einn.

Halldór bar síðan fundinum kveðju frá Þór Bínó sem átti þess ekki kost að mæta á fundinn. Í framhaldi af þessari samþykkt hófst ákveðið samstarf við VR og fulltrúar VR komu inn í kjarasamningsnefndina en Leiðsögn var á þessum tíma að hefja viðræður við SA/SAF um kjarasamning leiðsögumanna. Samningur var gerður við VR, samstarfssamningur undirritaður 3. júní 2024, eftir samþykkt stjórnar og trúnaðarráðs. Þjónusta við félagsfólk var flutt yfir til VR í júlímánuði og þar með fóru öll kjarabrotamál sem borist höfðu félaginu til VR, en þau elstu voru frá árinu 2019. Unnið var markvisst að því leysa þessi mál og í haust voru þau öll leyst. Sum reyndust fyrnd og í einhverjum tilfellum var ekki vilji hjá viðkomandi leiðsögumanni til að halda málinu áfram en flest leystust þannig að leiðsögumenn fengu leiðréttingu og greiddar jafnvel mjög háar upphæðir.

Í haust var byrjað að vinna drög að reglum deildar Leiðsagnar innan VR sem kynnt voru á félagsfundi 4. febrúar sl. Þar kynnti VR hvað fyrirhuguð sameining fæli í sér fyrir leiðsögumenn sem þar með yrðu félagsmenn VR. Þann 12. febrúar var aftur haldinn félagsfundur þar sem félagsmenn voru hvattir til að koma með sínar athugasemdir og ræða málin sem snertu samninginn/samrunann. Formaður minnti síðan á að um tvíhliða viðræður er að ræða: VR þarf að samþykkja okkur og við (Leiðsögn) þarf að samþykkja sameiningu við VR. Sé þessu hafnað af öðrum hvorum aðilanum, þá er þetta búið. Núna, 11. mars erum við að leggja þennan tvíhliða samning fyrir félagsmenn og taka ákvörðun um hvort fara eigi í allsherjaratkvæðagreiðslu um sameininguna. Formsatriðin um þetta eru öll unnin með ASÍ og ASÍ mun skipa kjörstjórn fyrir allsherjaratkvæðagreiðsluna. Áætlað er að hún fari fram dagana 17. til 24. mars n.k. Aðalfundur VR fer fram þann 26. mars og þá mun koma í ljós hvort að af sameiningu verður eða ekki.

Fyrsta mögulega dagsetningin fyrir aðalfund Leiðsagnar er 27. eða 28. apríl n.k. vegna laga félagsins en boða þarf aðalfund með eins mánaðar fyrirvara.

Formaður fór því næst yfir samninginn, og þá einkum breytinguna sem varð á honum frá fyrri kynningu, en breytingin snýr að orlofssjóði VR. Breytingin felur í sér að félagsmenn fá aðgang að orlofshúsunum VR, sem annars hefði ekki orðið fyrr en með nýjum kjarasamningi leiðsögumanna, en sjúkrarétturinn breytist ekki fyrr en við næsta kjarasamning. Þar halda félagsmenn sama rétti og þeir hafa nú innan sjúkrasjóðs Leiðsagnar, sem er fjórir mánuðir, en við gerð næsta kjarasamning árið 2027 mun sjúkraréttur félagsmanna verða sá sami og annarra félagsmanna VR sem eru 7 mánuðir. Að öllu öðru leyti mun réttur félagsmanna Leiðsagnar vera til jafns við rétt annarra félagsmanna VR.

Með fundarboði félagsfundarins bárust fylgiskjöl, þ.e. samningurinn við VR og reglur nýrrar deildar leiðsögufólks í VR og las formaður upp úr þeim. Hann minntist þar sérstaklega á kjarasamning leiðsögufólks en hann mun verða sérsamningur og sjálfstæð eining innan VR en lúta reglum VR. Leiðsögufólk fær sinn fulltrúa í kjarasamningsnefnd og VR hefur lýst yfir ánægju sinni með þann mannauð sem býr í leiðsögufólki og þar með þekkingu og skilningur á því sem betur þarf að fara í kjarasamningi sem að þeim snýr. Formaður áréttaði að ekkert myndi lagast eða breytast í okkar samningi nema með átökum. Það sem við hefðum fengið útúr núverandi samningi væru fjórar bókanir sem væru gríðarlega mikilvægar til að halda áfram samtalinu við SA/SAF og það samtal væri byrjað.

Ný stjórn gæti skipað í nefndir eftir þörfum en nauðsynlegt væri að marka stefnu fyrir leiðsögufólk og þeirra hagsmuni til 10 ára. Ef af sameiningu verður þá verða það SA og VR sem tala saman um kjaramálin og SAF og leiðsögufólk í VR um sína sameiginlegu hagsmuni, sem eru margir og snertifletir einnig.

Deild leiðsögufólks í VR mun vinna að hvers konar hagsmunamálum leiðsögufólks og þar verða gerðar áætlanir um verkefni, námskeið og baráttumál sem þarf að vinna að. Aðilar að deildinni eru þeir sem greiða iðgjöld sín til VR en það eru ákveðnar reglugerðir VR sem segja til um aðild. Lágmarksiðgjald er nú 10.960 kr. og lágmarkstekjur þurfa að hafa verið 1.5 milljón á ári. Greiðslur vegna iðgjalda þurfa að hafa borist í að minnsta kosti í 3 mánuði í senn annars fellur aðild niður. Þeir sem eru sjálfstætt starfandi geta stjórnað því hvernig þeir greiða sér laun á mánuði til að geta uppfyllt skilyrði VR.

Fjármagn deildarinnar byggist á fjáhagsáætlun sem stjórn VR þarf að samþykkja. Sú áætlun byggist á þeim verkefnum sem leiðsögumenn vilja að unnið sé að og þannig að slík starfsemi heldur áfram eins og áður.

Formaður las síðan upp reglur deildarinnar. Hann áréttaði að innan VR væri ákveðinn strúktúr sem er ekki væri hægt að víkja frá. Leiðsögufólk myndi starfa í deild innan VR og myndi lúta reglum VR. Samkvæmt reglunum aðalfundur deildarinnar í októbermánuði

og er þá á undan aðalfundi VR. Á þeim tíma er háannatíma hjá leiðsögufólki að ljúka og þar með mestar líkur á því að leiðsögufólk hafi greitt iðgjöld í að minnsta kosti þrjá mánuði og þar með auðveldlega gjaldgengt í deildina.

Að þessari kynningu á samningnum og deildinni lokinni bar formaður upp tillögu um að bindandi allsherjaratkvæðagreiðsla færi fram meðal leiðsögumanna um sameiningu við VR:

”Haldinn verði bindandi allsherjaratkvæðagreiðsla dagana 17. - 24. mars 2025 á meðal félagsfólks Leiðsagnar um að Leiðsögn verði hluti af VR. Samþykki þarf 2/3 fundargesta til að atkvæðagreiðsla teljist samþykkt. Atkvæðagreiðslan verði alfarið rafræn.

Undirbúningur atkvæðagreiðslu er samkvæmt reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslu og kjörstjórn er skipuð af ASÍ og sér hún alfarið um framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Í kjörnefnd eru: Halldór Oddson formaður, Karen Ósk Nielsen og Saga Kjartansdóttir.”

Fundarstjóri óskaði þar næst eftir efnislegum athugasemdum og spurningum um það sem formaður hefði lagt fyrir fundinn. Ítrekað var að fólk kynnti sig með nafni.

Upp kom Sigrún Pálsdóttir og sagðist hafa verið félagsmaður frá 1992. Hún óskaði eftir að fá að koma með tillögu sem snerti dagsetningu allsherjaratkvæðagreiðslunnar. Hún telji ekki tímabært að fara í kostnað vegna slíkrar atkvæðagreiðslu áður en VR sé búið að ákveða sameininguna fyrir sitt leyti.

Nokkur framíköll úr sal hófust nú og m.a. spurt hvort að Leiðsögn þyrfti ekki að samþykkja sameininguna áður en hægt væri að bera hana upp á aðalfundi VR.

Fundarstjóri svaraði að Leiðsögn þyrfti að samþykkja eða hafna áður en málið færi fyrir aðalfund VR.

Sigrún sagði að sér fyndist þetta ekki hafa komið fram áður og óskaði eftir að fá að leggja fram tillögu. Fundarstjóri samþykkti það en innti Sigrúnu eftir stuðningsmanni að tillögunni og fram kom að tillagan yrði að vera skrifleg. Sigrún óskaði eftir stuðningsmanni en enginn gaf sig fram.

Félagsmaður stóð þá upp í sal og lagði til að borin yrði upp frávísunartillaga á tillögu Sigrúnar.

Fundarstjóri ákvað að Sigrún fengi að lesa upp tillögu sína og síðan yrði tekið tillit til frávísunartillögunnar. Tillaga frá Sigrúnu Pálsdóttur:

#### Frestun allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu LS og VR

Tillagan gengur út á að fresta allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu við VR þar til í aðdraganda aðalfundar Leiðsagnar 2025. Niðurstaðan verði kynnt á aðalfundi eftir að búið er að leggja fram reikninga félagsins. Ljóst er að ef félagsmenn í VR hafna sameiningunni þá er allsherjaratkvæðagreiðslan unnin fyrir gíg. Það er einnig fjárhagslega óskynsamlegt að klára atkvæðagreiðsluna fyrir aðalfund VR 26. mars n.k. Að klára þessa atkvæðagreiðslu nú verður auk þess til þess að hvatinn til að halda aðalfund og leggja fram reikninga félagsins

hverfur. Það er mjög mikilvægt að klára síðasta starfsárið hjá Leiðsögn með sóma.

(Athugasemd fundarritara : haft var samband við flytjanda tillögunnar og hún send til fundarritara til að hægt væri að skrifa hana orðrétt )

Fundarstjóri óskaði eftir að fá stuðningsmann á framlagða frávísunartillögu og nokkrir fundargestir réttu upp hönd. Fundarstjóri áréttaði að eðli frávísunartillögu væri þannig að hana þyrfti að taka til atkvæðagreiðslu fyrst. Væri hún samþykkt væri framlagðri tillögu Sigrúnar vísað frá. Gengið var til atkvæðagreiðslu og talin atkvæði á stað- og fjarfundi.

Niðurstaðan var að 39 af 57 fundarmönnum samþykkti frávísunartillöguna.

Nokkrir fundarmenn bentu fundarstjóra á að Lovísa Birgisdóttir væri að taka upp fundinn. Fundarstjóri áréttaði að ekkert leyfi hefði fengist fyrir slíku og það væri því algjörlega ólöglegt, gegn persónuverndarlögum . Hún krafðist þess að Lovísa eyddi upptökunni og nokkrir fundarmenn fylgdust með því að það væri gert. Ósk kom úr sal að þessi gerningur yrði færður til bókar.

Lovísa óskaði eftir að fá að sjá 6. gr. reglna deildarinnar sem er um dagskrá aðalfundar. Hún gerði athugasemd við að þar sé ekki gert ráð fyrir að farið sé yfir ársreikninga. Einnig gerði hún athugasemd við að til að óska eftir félagsfundi þurfi 50 félagsmenn sem séu alltof margir. Hún hafi gert athugasemd við þetta áður en ekki hafi verið tekið tillit til þess. Hún óski eftir að þessu verði breytt.

Því næst kom Jóna Fanney upp og gerði athugasemd við að ekki væri gert ráð fyrir að formaður yrði kosinn sér ekki bara kjör stjórnar. Svo vantaði lagabreytingar. Og hún spurði formann hvort búið væri að gera ráð fyrir fjármögnun deildina.

Guðný Margrét kom upp og kynnti sig sem stjórnarmanneskju. Hún gerði athugasemd að skjölín sem hefðu verið til umfjöllunar á fundinum hefðu ekki fylgt fundarboðinu í tölvupósti, þau hefðu aðeins verið birt á heimasíðunni. Síðan tók hún undir með Lovísu að það væri of mikið að 50 félagsmenn þyrfti til að óska eftir félagsfundi. 20 eins og verið hefði væri nóg. Hún óskaði eftir að fá skýringu á því hvaðan þessi tala kæmi.

Hún taldi að það væri mikilvægt að senda gögn í tölvupósti til félagsmanna svo þeir gætu kynnt sér þau.

(Athugasemd fundarritara:

Fundarboð var sent með tölvupósti til félagsmanna 8. Mars og í fundarboðinu var tengill í umrædd gögn sem birt voru á vefsíðu Leiðsagnar, þar sem allir geta nálgast þau).

Guðný nefndi síðan að sér hefði fundist of fáir fulltrúar leiðsögumanna í vinnunefndinni með VR um það hvernig sameiningin gæti farið fram. Nefndi þar Hildi Þöll Ágústsdóttur

og Bryndísi Kristjánsdóttur og óskaði eftir því að sú síðarnefnda gerði grein fyrir hvaða aðrir leiðsögumenn hefðu þar tekið þátt. Einnig óskaði hún eftir því að fá að vita hvernig taka ætti á Skildinum. Hún vildi jafnframt fá að vita nákvæmlega hver væri þessi starfsmaður deildarinnar, hver veldi hann, greiddi laun hans og hver þau væru. Minnti svo á að það væru félagsmenn sem ættu félagið ekki fámennur hópur sem unnið hefði að sameiningunni. Að lokum sagðist hún ekki skilja afhverju verið væri að breyta því núna að kjósa varamenn til tveggja ára, það væri gott að það væri veltingur á þeim. Hún óskaði eftir að fá svör við athugasemdum sínum.

Bryndís Kristjánsdóttir kom upp og greindi frá því að hún ætti sæti í trúnaðarráði og að formaður hefði óskað eftir því að hún yrði einn fulltrúi leiðsögumanna í vinnunefndinni með VR um að móta deild leiðsögumanna innan VR. Hún áréttaði að í VR væru aðrar deildir og mótun okkar deildar væri í samræmi við þær deildir. Að vísu væri okkar starfsemi mun fjölbreyttari en hinna deildanna og tekið væri tillit til þess. Hildur Þöll, sem fulltrúi stjórnar, hefði komið að þessari vinnu þannig að samskipti milli nefndar og stjórnar hefði verið gott. Jón Páll sem fulltrúi Félags ökuleiðsögumanna sat flesta fundi og fulltrúar Félags fjallaleiðsögumanna tóku þátt á fjarfundum eftir bestu getu. Allir nefndarmenn fengu fundargerðir sendar að fundum loknum.

Á meðan vinnan var í gangi og gögn voru tilbúin voru þau sett á innri vef Leiðsagnar, þ.e. ekki opið fyrir hvern sem er að skoða þau. Félagsmenn voru hvattir til að kynna sér þau og koma með ábendingar. Að lokum gaf hún formanni orðið til að koma með svör við öðrum spurningum sem fram höfðu komið.

Formaður minnti enn og aftur á að um tvíhliða viðræður væri að ræða og að VR hefði komið með töluna um 50 félagsmenn þyrfti til að óska eftir félagsfundi deildarinnar.

Hann áréttaði að aðalfundur Leiðsagnar 2025 myndi fara fram þar sem fram færu öll hefðbundin aðalfundarstörf. Verði sameiningin samþykkt þá verður farið að reglum um deild leiðsögumanna í VR eftir það - ef ekki þá heldur Leiðsögn áfram að vera til.

Hvað varðar starfsmann deildar leiðsögumanna þá eru aðrar deildir VR með starfsmann. Þar gæti verið um að ræða formann deildarinnar sem þá væri starfsmaður VR að vinna fyrir deildina. Í okkar tilfalli var niðurstaðan sú að fá starfsmann sem vinnur fyrir deildina þau verkefni sem stjórn hennar ákveður. Hvað varðar tekjur þá koma þær frá iðgjöldum. Við gerum grein fyrir okkar fjárpörf í fjárhagsáætlun sem fer fyrir stjórn VR og það hafa aldrei verið nein vandamál með það. Við munum fá aðgang að t.d. öllum námskeiðum sem VR heldur - og aðrir félagsmenn VR fá jafnframt aðgang að þeim námskeiðum sem leiðsögumenn halda. Ég geri ráð fyrir að starfsmaður verði á sömu launum og núverandi starfsmaður Leiðsagnar er með eða þeim launum sem greidd eru innan VR, sem ég veit ekki hver eru, og hann mun vinna að okkar hagsmunamálum.

Fundarstjóri vildi áréttá að þar sem formlega væri búið að undirbúa málin í samráði við ASÍ þá teldi hún hægt að treysta því að allt færi rétt fram. Tveir hefðu þegar beðið um orðið og enn gæfist tækifæri til þess að óska eftir því en svo færi hún að loka mælendaskrá.

Næst tók til máls Ingibjörg Gunnarsdóttir leiðsögumaður og sagði að sig langaði bara að

biðja um eitt. Hún sagðist gera ráð fyrir að meðalgreindarvísindatalan á fundinum væri fyrir ofan meðalgreind og ef einhverjir væru fyrir neðan herbergishita hefðu þeir ekki verið að tjá sig mikið, en það sem hún væri að biðja um væri að við sýndum þá kurteisi að vera ekki með skot hvert á annað þótt við værum ekki sammála. Hún nefndi að hún hefði starfað sem mannauðsstjóri hjá Dominos í 15 ár, þar sem aðallega væru unglingar að störfum, en að hún hefði aldrei á ævinni lent í öðru eins og því sem hún hefði orðið vitni að í kvöld. Þetta væri eins og fólk í sandkassa sem væru að kasta drullu hvert í annað. Hún hvatti fundarmenn til að sýna vinskap og ljúka umfjöllun um fyrirbyggjandi mál þótt allir væru þar ekki sammála.

Lovísa kom upp á ný og sagðist ekki trú á því að VR vildi að það þyrfti 50 félagsmenn til að óska eftir félagsfundi. Hún teldi að formaður hefði oft logið að sér.

Guðný Margrét tók til máls og spurði um fastanefndir sem áður hefðu verið kynntar í reglum fyrir deildina. Nú væri búið að færa meira vald til stjórnar sem á að geta skipað nefndir eftir þörfum. Sér fyndist þetta ólýðræðislegt og vildi vita hvers vegna fastanefndirnar voru teknar út? Síðan spurði hún aftur hvaðan talan 50 kæmi.

Sigrún Pálsdóttir og lýsti yfir óánægju sinni með hvernig reglurnar hefðu verið kynntar fyrir leiðsögumönnum og óskaði eftir að fá að lesa upp tillögu sína þar að lútandi:

Tillaga um að regluverk deildar Leiðsagnar innan VR verði meðhöndlað sem lagabreytingatillögur.

Lagt er til að regluverk deildarinnar verði meðhöndlað eins og lagabreytingatillögur. Það er að tillögurnar verði sendar með fundarboði í tölvupósti til félagsmanna mánuði fyrir aðalfund. Félagsmenn hafi svo 10 daga til tvær vikur til að senda stjórn breytingatillögur sem síðan endurskoðar þær með hliðsjón af tillögum stjórnar. Minnst viku fyrir aðalfund ætti síðan að senda félagsmönnum þær tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund.

( Athugasemd fundarrita : Haft var samband við flytjanda tillögunnar og hún send til fundarrita til að hægt væri að skrifa hana orðrétt .

Daði Hrólfsón tók til máls og sagði að hann teldi formgalla á tillögunni og hann legði til að henni yrði vísað frá.

Fundarstjóri óskaði eftir að þeir sem væru samþykkir frávísunartillögunni réttu upp hönd. Talning á stað- og fjarfundi sýndi að 37 voru samþykkt frávísunartillögunni.

Fundarstjóri áréttaði að það sem verið væri að samþykkja í kvöld væri sú lýðræðislega ákvörðun að leyfa öllum félagsmönnum að taka þátt í ákvörðun um sameininguna, þ.e. að samþykkja að allsherjaratkvæðaatkvæðagreiðsla færi fram.

Sólveig Dagmar Þórisdóttir tók til máls og nefndi að hún hefði aldrei áður komið á fund í félaginu þótt hún hefði verið leiðsögumaður í 30 ár. Hún sagði að sér þætti leitt að finna fyrir þeim titringi sem væri á meðal fundarmanna og fannst að við ættum að vera sáttt við að standa að því saman að samþykkja að félagsmenn fengju tækifæri til að taka þátt í



Lýðræðislegri kosningu um að sameinast sterku félagi. Mörg á fundinum væru búin að bíða eftir að slíkt gerðist til að efla leiðsögumenn í sínu starfi - og þá ekki síður leiðsögumenn framtíðarinnar. Að vera að flækja sig í einhverjum lagaflækjum, eins og verið væri að gera á fundinum, ætti ekki að vera að tefja fyrir þessu.

Bryndís Kristjánsdóttir kom upp til að svara fyrirspurn um að texti um fastanefndir hefðu verið teknar út úr reglum deildar leiðsögufólks í VR. Fyrst vildi hún þó fá að árétta að verið væri að ræða reglur deildar - ekki lög félags. Við yrðum deild innan félagsins VR. Fólk þarf að átta sig á því að þá þurfum við að falla að því formi sem er ríkir innan VR. Það eru ekki fastanefndir í núverandi deildum VR og að auki má nefna að þegar búið verður að aflétta af stjórn þeirri vinnu sem fólst í því að fjalla um kjaramál munu stjórnarmenn hafa það svigrúm sem þarf til að fjalla um öll önnur fag- og hagsmunamál leiðsögumanna sem kannski voru áður í höndum nefnda. Einnig vildi hún árétta að umfjöllun um fjármál félags færi fram á aðalfundi VR en ekki í deildum VR.

Fundarstjóri sagði að þá væri loks komið að aðalmáli þessa félagsfundar sem væri tillaga um að fundurinn samþykkti að í félaginu Leiðsögn fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla um samningana gagnvart VR. Og samþykki fundurinn þessa atkvæðagreiðslu þá fer hún af stað 17. mars og stendur til 24. mars. Niðurstöður þessar allsherjaratkvæðagreiðslu yrðu bindandi.

Gengið var til atkvæðagreiðslu og þeir sem væru samþykkir voru beðnir um að rétta upp hönd. Talið var í fundarsal og fjarfundi og niðurstaðan var sú að 53 hefðu verið á fundinum, stað og fjarfundi og 43 hefðu samþykkt tillöguna um að allsherjaratkvæðagreiðslan færi fram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið slitið kl. 21:24  
Fundarritari:Hildur Þöll Ágústsdóttir